

Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Sendandi: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Dagsetning: 11.12.2023
Málsnúmer: UMH23060212
Bréfalykill: 3.1

Efni: Minnisblað URN um losunarheimildir í flugi

1. Nefndin óskar eftir upplýsingum um hvort gert sé ráð fyrir því að íslensk stjórnvöld muni úthluta til flugrekenda þeim losunarheimildum sem íslensk stjórnvöld hefðu annars til útboðs.

Útfærsla aðlögunar Íslands við upptöku tilskipunar (ESB) 2023/958 um breytingar á ETS-kerfinu í flugi í EES-samninginn er á þá leið að Íslandi verður heimilt að viðhalda á árunum 2025 og 2026 sem svarar allt að þeim endurgjaldslausu losunarheimildum sem flugfélögin fá úthlutað á árinu 2024.

Samkvæmt tilskipuninni stendur til að fella endurgjaldslausar heimildir flugfélaga niður í skrefum á árunum 2024-2026. Í stað þess að flugfélögin fái þessar heimildir beint úr ETS-kerfinu (þó áfram að hluta árið 2025 þegar úthlutun endurgjaldslausra losunarheimila dregst saman um 50% miðað við úthlutun 2024) munu stjórnvöld annast framkvæmdina og úthluta flugfélögunum losunarheimildir sem ríkið fengi annars til uppboðs vegna flugs.

Skilyrði fyrir úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda árin 2025 og 2026 er að flugfélögin skili vottaðri kolefnishlutleysisáætlun til Umhverfisstofnunar.

2. Hvaða magn losunarheimilda er um að ræða og mat á því hvaða tekjum þær gætu skilað í ríkissjóð hefðu þær verið boðnar upp.

Svörin hér fyrir neðan þarf að skoða með þeim fyrirvara að verð á losunarheimildum og evru getur sveiflast sem hefur áhrif á niðurstöðuna.

Evrópusambandið hefur þegar gefið út hvað hvert ríki mun fá úthlutað mörgum flugheimildum til uppboðs árið 2024. Ísland mun skv. yfirliti ESB geta boðið upp 61 þúsund losunarheimildir á næsta ári. Ef gert er ráð fyrir að verð á einni losunarheimild sé um 80 evrur og að gengi evru sé 154,9 kr., má gera ráð fyrir að andvirði sölu losunarheimilda verði tæplega 753 m.kr. árið 2024 sem mun renna í ríkissjóð.

Það liggur ekki enn fyrir hver endanlegur fjöldi uppboðsheimilda verður sem hvert ríki fær til uppboðs árin 2025 og 2026. Það er því erfitt að áætla hver fjöldi uppboðsheimilda verður árin 2025 og 2026 en gera má ráð fyrir að þeim uppboðsheimildum sem ríkin munu fá í sinn hlut muni fjölga umtalsvert. Varlega má áætla að Ísland gæti fengið um 250.000 – 300.000 uppboðsheimildir fyrir flug árin 2025 og 2026 og að andvirði af sölu þeirra losunarheimilda gæti verið á bilinu 3 til 4 milljarðar kr.